

Efni: Umsögn um 507. Mál, Lagafrumvarp á 154. Löggjafarþing 2023-2024.

Kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

Við eigendur Go Campers ehf og GCR ehf (Go Car Rental) höfum kynnt okkur frumvarpið sem um ræðir og höfum ákveðnar athugasemdir við það.

- Fyrirsjáanleiki er enginn og ekki tækt að reka fyrirtæki í þessu landi vitandi ekki hvort fyrirtækið þurfi að greiða margar milljónir króna í ófyrirsjáanlegum gjöldum (sköttum) sem kílómetragjaldið er með litlum fyrirvara. Sköttum/gjöldum sem notendur bifreiða eiga að greiða en ljóst er að samningar bílaleiga við viðskiptavini gera ekki ráð fyrir slíkum hækkunum og því augljóst að bílaleigur muni þurfa að greiða þá úr eigin vasa. Því er áriðandi að fresta því að þessi gjöld leggist á bílaleigubíla um eitt ár og að gjöldin séu greidd eftirá en ekki fyrirfram eins og lagt er til í þessu frumvarpi.
- Áætlaður fjöldi kílómetra á rafbíla sérstaklega (50.000km) er fjarri raunverulegum akstri þeirra í okkar rekstri. Hann er nær þeirri tölu sem t.d Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að keyra að jafnaði og kom fram í útboði á vegum Ríkiskaupa á haustmánuðum. 10.000km. Rafbílar eru mikið til í langtímaleigu til fyrirtækja og einstaklingar sem aka þá mikið til innan þéttbýlis.
- Rekstarumhverfi bílaleiga hefur snarversnað á þessu ári og við teljum að bílaleigur munu margar hverjar ekki geta borið þessi nýju gjöld eins og þeim er stillt upp í þessu frumvarpi. Meðalverð á útleigu hafa lækkað mikið milli ára sökum aukins framboðs bílaleigubíla sem ekki eru skortvara lengur eins og staðan var eftir Covid. Á sama tíma hefur allur kostnaður aukist til muna. Laun, bifreiðar, tryggingar og önnur aðföng. Vextir hafa hækkað gríðarlega og bílaleigur sitja uppi með flota af bílum sem gengur illa að selja á háum vöxtum núna yfir rólegasta tíma ársins. Meðal annars tengiltvinn bílum sem bílaleigur neyddust til að kaupa þegar ekkert annað var að fá og nú á að fara að greiða gjöld af þeim sem margir standa óhreyfðir á bílasölum eða geymsluplönnum. Bifreiðagjöld hafa hækkað gríðarlega á árinu. Bókunum hefur fækkað nú í kjölfar eldsumbrotanna í Grindavík og hafa stjórnendur almennt miklar áhyggjur af þeirri þróun eftir æsiféttir í erlendum fjölmiðlum.
- Ljóst er að þessar aðgerðir eru ekki til þess fallnar að liðka til fyrir orkuskiptum. Ljóst er að með þeim breytingum sem bílaleigur eiga að verða fyrir um áramót er varða t.d að þurfa að skila útskatti af bílum sem ekki hafa verið innskattaðir. Leggja 24% hækunn (VSK) á útleigu rafbíla og tengiltvinn bíla. Kílómetragjöld á þessa bíla að auki gera þá algjörlega ósamkeppnishæfa og ljóst er að í þessu rekstrarumhverfi þurfa bílaleigur að huga að því að bjóða samkeppnishæfar vörur til sinna viðskiptavina. Við höfum einnig áhyggjur af því að rafbílar/tengiltvinn sem eru í langtímaleigu muni veri skilað inn og bensínbílar teknir í staðinn sem eru óhjákvæmilega á hagstæðara verði í útleigu. Þá er spurning hvað er hægt að gera við rafmagnsbíla sem ekki er vinna fyrir ef allt fer á versta veg. Hvort hagstæðasta lausnin verði að send þá úr landi til að þurfa ekki að greiða útskatt af þeim?
- Kílómetragjöld vinna á móti dreifingu ferðamanna um allt land. Daggjöld væru betur heppileg í því skyni.

Benedikt Helgason framkvæmdastjóri Go Campers ehf

Jón Óli Ómarsson framkvæmdastjóri GCR ehf 500414-0300